

Ed.

583. Nefndarálit

[182. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Pegar álagning beinu skattanna var kunngerð á s. l. sumri, reis mikil alda vonbrigða og reiði og var ekki að ástæðulausu. Til þess að lægja þá öldu voru gefin fögur fyrirheit um leiðréttingu á skattalöggjöfinni. Þetta frv. er ekki í samræmi við þau fyrirheit, og það nægir alls ekki, eins og það liggur fyrir, til þess að koma í veg fyrir, að sömu vonbrigðin endurtaki sig á þessu ári, enda er með því stefnt út í sömu ófærana. Við teljum, að það þurfi að breyta frv. verulega.

Árið 1960 lýsti ríkisstjórnin yfir þeirri stefnu sinni að leggja á nýja óbeina skatta og lækka beinu skattana í staðinn. Í samræmi við þetta var lögleiddur 3% söluskattur, sem sagður var til að afla tekna á móti lækkun beinu skattanna, og jafnframt var lögnum um tekjuskatt og eignarskatt breytt þannig, að persónu-frádráttur var aukinn.

Síðan hafa óbeinu skattarnir farið síhækkandi, og söluskatturinn er nú orðinn 7½%. En jafnframt hafa beinu skattarnir einnig hækkað langt umfram verðlagsbreytingar. Á undanförunum árum hafa söluskattur og tekju- og eignarskattur numið þeim upphæðum sem hér segir í milljónum króna samkv. ríkisreikningum (söluskattur í innflutningi ekki meðtalinn):

Ár	Söluskattur	Tekju- og eignarsk.
1960	102	97
1961	200	106
1962	237	119
1963	293	183
1964	546	259
1965 (fjárlög)	923	375

Þannig hefur söluskatturinn nífaldast og tekju- og eignarskatturinn fjórfaldast á þessu tímabili.

Við teljum, að meðan þeirri stefnu er fylgt að síhækka óbeinu skattana, beri ekki að hækka tekju- og eignarskattinn nema í hæsta lagi sem svarar verðlagsbreytingum frá því, sem hann var ákveðinn árið 1960. Flytjum við á sérstöku þskj. brtt. um það. Eftirfarandi tafla sýnir, hverja lækkun brtt. okkar mundi hafa í för með sér frá því, sem frv. gerir ráð fyrir:

Skattsk. tekjur	Tekjuskattur skv. frv.	Tekjusk. skv. brtt. okkar
20 000	1 800	1 200
50 000	5 670	4 300
100 000	18 090	12 800
150 000	31 590	25 000
200 000	45 090	40 000

Við leggjum enn fremur til á sama þskj., að 8. gr. frv. verði breytt þannig, að umreikningur, sem nú á að taka upp á nýjan leik, fari eftir verðlagsvísitölu tekjuöflunarársins, en ekki einhverri nýrri vísitölu, sem fjármálaráðherra verði heimilað að ákveða.

Okkur er ljóst, að í brtt. okkar felast ekki nægar hagsbætur í skattamálum, sérstaklega ekki fyrir þá lægst launuðu, en á þeim eru útsvörin miklu þyngri byrði en tekjuskatturinn, og því verður að leiðrétta þeirra hlut í sambandi við meðferð frv. um tekjustofna sveitarfélaga, sem einnig liggur fyrir Alþingi um þessar mundir.

Við teljum mikla nauðsyn á því að tryggja betur en nú er gert, að framtöl séu rétt og að komið sé í veg fyrir skattsvik. Munum við athuga það nánar fyrir 3. umr.

Alþingi, 2. maí 1965.

Helgi Bergs, Karl Kristjánsson.  
frsm.